

FUNDARGERÐ

143. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 21. ágúst 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn

Á fundinn eru mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri. Hjördís Rút Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna og Salome Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna eru ekki mættar.

1. Vistunarmál.

Eftir sumarfrí voru fyrirbyggjandi umsóknir um vistun fyrir fjóra nýja nemendur í heilsdagsvistun, einn í hálf dagsvistun og sótt er um heilsdagsvistun fyrir fjóra nemendur sem ekki hafa verið í fullnýttum plássum. Verði orðið við þessum umsóknum verður leikskólinn fullnýttur.

Nefndin leggur til að aukið verði um 50% stöðugildi frá 1. september til að unnt verði að verða við þessum umsóknum. Nettókostnaður til ársloka verður um 200 þ.kr.

2. Starfsmannamál

Útlit er fyrir að rekstarkostnaður leikskólans fari allnokkuð fram úr áætlun, að mestu vegna veikinda. Búið er að ráða Salóme Þóru Valdimarsdóttur til afleysinga í fæðingarorlofi Hjördísar Rutar Jónsdóttur.

Jóhanna Carolina Ek hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. nóvember n.k.

2 starfsmenn hafa verið ráðnir í ræstingu.

3. Önnur mál.

Biskup Íslands Hr. Karl Sigurbjörnsson heimsækir leikskólann n.k. föstudag kl. 13:00

II. Tónskólinn

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

1. Starfsmannamál.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri sem upplýsti nefndina um að fljótlega verði gengið frá ráðningu ungværks pars í 50% stöðu í tónskólann

2. Bréf Rögnu Bjargar Ársælsdóttur dags. 26. júní 2007

Ragna óskar eftir að Mýrdalshreppur greiði námskostnað vegna tónlistarnáms utan sveitarfélagsins.

Erindinu hafnað þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkum greiðslum í fjárhagsáætlun.

Samþykkt að formaður og varaformaður semji drög að reglum um tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum og leggi fyrir nefndina.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri og Gunnar Halldórsson

fulltrúi kennara.

1. Starfsmannamál

Búið er að ganga frá ráðningu Katrínar Waagfjörð í 50% stöðu íþróttakennara.

Oddur Gíslason kemur ekki til starfa þar sem hann var ráðinn til eins árs.

Ungverska parið sem ráðið hefur verið í tónskóla Mýrdælinga verða einnig ráðin í tónmenntakennslu við grunnskólann.

Ennþá vantar í 25% stöðu baðvarðar í drengjaklefa. Íþróttá- og tómskundafulltrúi vinnur að málinu með skólastjóra og sveitarstjóra.

2. Önnur mál.

Kolbrún upplýsti að út væri kominn geisladiskur sem Anna Björnsdóttir hefur haft veg og vanda af, þar sem nemendur skólans syngja skólasönginn og annað valið efni.

Unnið er að skólastefnu með mannrækt að markmiði og Uppeldi til ábyrgðar og brjóta upp kennsluna með útikennslu. Kjörorðum skólans verði gerð góð skil.

Skoðað verður á næstunni með dægradvöl.

Stundatöflur eru í endurskoðun þessa daga.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl:17:45

Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Bergþóra Ástþórsdóttir
Guðný Sigurðardóttir		Andrína Guðrún Erlingsdóttir